

**Mál nr. 444/2021****M og  
V Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs X****Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.****Gögn.**

Málskot mótttekið 7.12.2021, ásamt fylgigögnum  
Bréf V dags. 04.01.2022, ásamt fylgigögnum  
Bréf lögmanns M dags. 25.01.2022.

**Málsatvik.**

M slasaðist við vinnu sína hjá X þann 5. desember 2016 er hún var að vinna við vél sem brýtur saman handlæði, sloppa og sængurföt. Eitt handklæðanna festist í vélinni og eftir að hafa slökkt á vélinni fór M upp á færiband vélarinnar til að losa handklæðið. Á leiðinni niður féll hún af vélinni og niður á gólf og lendir þar á festingu sem var plastklædd úr járn. M leitaði til læknis daginn eftir slysið og var ráðlögð hvíld út vikuna.

M telur að slysið megi rekja til ófullnægjandi starfsaðstæðna m.t.t. öryggis sem og aðgæsluleysis samstarfsmanns M sem stjórnaði vélinni í umrætt sinn. Telur M að X beri skaðabótaábyrgð á slysinu og að horfa verði sérstaklega til þess að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins sem leiddi til þess að ekki var framkvæmd rannsókn á orsökum slyssins. V segir að ekki sé um það deilt að M hafi fallið og orðið fyrir einhverjum meiðslum við vinnu sína við vélina á umræddum degi en að staðhæfingar um orsakir fallsins af vélinni fyrst hafa komið fram tveimur árum eftir slysið. V hafnar greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu þar sem ósannað sé að slysið verði rakið til mistaka samstarfsmanns M, saknæms vanbúnaðar á tækjum eða húsnæði, ófullnægjandi öryggisbúnaðar, verkstjórnar eða annarra atvika eða aðstæðna sem X beri skaðabótaábyrgð á.

**Álit.**

Ágreiningslaust er að slysið hafi átt sér stað en ágreiningur er milli aðila um orsök slyssins. Í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir að atvinnurekandi skuli án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Samkvæmt fyrirliggjandi tímaskráningu kláraði M ekki fullan vinnudag daginn eftir slysið og leitaði þá til læknis. Vaktafri var næstu 2 daga þar á eftir en M mætti í aukavinnu annan þeirra daga. Næstu 3 daga þar á eftir var hún fjarverandi vegna slyss. Vísbendingar voru þannig til staðar um að M hefði slasast það mikið að hún varð óvinnufær í nokkra daga eftir slysið, þó þeir hefðu ekki verið samfelldir. Með því að hlutast ekki til um að slysið yrði tilkynnt eða rannsakað af hálfu Vinnueftirlitsins þrátt fyrir að vísbendingar væru um að slysið hefði leitt til nokkurra daga óvinnufærni verður X að bera hallan af sönnunarskortum um atriði sem hafa áhrif á sakarmat. Verður því lögð til grundvallar lýsing M á slysinu sem m.a. kemur fram á tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sem X undirritar, en þar kemur fram að annar starfsmaður hafi kveikt óvænt á vélinni með þeim afleiðingum að M féll af vélinni niður á gólf. Verður þannig talið að slysið megi rekja til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ekki er sýnt fram á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 15. febrúar 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir